Ársfundur KÍ, haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 27. apríl 2007

Dagskrá:

1. Setning
2. Kosning starfsmanna
3. Skýrsla stjórnar og starfsáætlun
4. Reikningar KÍ
5. 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra
6. Skýrslur sjóða
7. Vinnuumhverfismál
8. Önnur mál

1. Setning

Í upphafi ársfundar minntist formaður Árna Heimis Jónssonar menntaskólakennara sem lést á sliðastliðnu ári og vottuðu fundarmenn virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Eiríkur Jónsson formaður KÍ setti ársfundinn með ávarpi og kynnti fyrirkomulag hans. Form fundarins var með þeim hætti að fyrir hádegi fóru fram venjubundin ársfundarstörf en eftir hádegi var haldinn sameiginlegur fundur ársfundarfulltrúa KÍ og skólamálaráðs KÍ og var sá fundur jafnframt ársfundur skólamálaráðs.

Í setningarávarpi sínu sagði formaður að þessi háttur væri hafður á til þess að ná fram í senn hagræðingu í rekstri en stuðla um leið að vandaðri umræðu um mál sem nú eru efst á baugi á vettvangi Kennarasambandsins, þ.e.a.s. tíu punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra og starfið sem því tengist. „Við sem höfum tekið beinan þátt í vinnu tengdu þessu samkomulagi hefðum sjálfsagt öll viljað að við værum komin lengra. Sumir þættir eru þó þegar komnir á lokastig meðan aðrir eiga lengra í land“. Formaður sagðist vera sannfæður um að það hafi verið rétt ákvörðun að gera áðurnefnt samkomulag við ráðherra. Hins vegar hefði seinagangur ráðuneytisins varðandi ýmsa þætti valdið vonbrigðum. Hann vitnaði í bréf frá menntamálaráðherra og sagði: „Ég tel að bréf menntamála-ráðherra til Kennarasambandsins frá því á miðvikudaginn, sem hér liggur frammi, sé afar mikilvægt innleg í málið. Í bréfinu er komið til móts við kröfur stjórnar (KÍ) frá því í mars og þess vegna ætti að vera mögulegt að ljúka vinnunni við 10 punkta samkomulagið á viðunandi hátt fyrir alla aðila.
Mér finnst mikilvægast á þessari stundu að leggja mat á stöðuna eins og hún er, ekki eins og hún var eða hefði geta orðið. Flest atriði sem um er fjallað í samkomulaginu hafa verið unnin til enda og fyrir liggja tillögur og eða frumvarpsdrög um hvern lið sem við getum verið nokkuð sátt við. Um þau mál sem útaf standa höfum við yfirlýsingu ráðherra sem er í dúr við samþykkt stjórnar KÍ frá því í mars.
„…Við skulum samt ekki gleyma að því að málinu er ekki lokið en við höfum að mínu mati í hendi allt sem þarf til að ljúka þessu máli með sæmd“.

2. Kosning starfsmanna

Fundarstjóri var kjörinn Árni Sigurbjarnarson og fundarritari Helgi E. Helgason.

3. Skýrsla stjórnar KÍ

Formaður kynnti skýrslu stjórnar og starfsáætlun hennar apríl 2007 – apríl 2008.

Umræður og fyrirspurnir.

4. Reikningar KÍ

Þórður Á. Hjaltested gjaldkeri KÍ gerði grein fyrir rekstrarreikningi KÍ 2006. Rekstrartekjur námu kr. 314.183.070; rekstrargjöld námu kr. 264.371.925. Hagnaður ársins (eftir afskriftir, skuldbindingar og fjármagnsliði) nam kr. 34.811.000.

Fyrirspurnir og umræður.

5. Tíu punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra

Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ og formaður skólamálaráðs flutti stutta framsögu um Tíu punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra og vísaði í því sambandi til setningarávarps formanns. Jafnframt kynnti hún drög að ályktun um nýja menntastefnu og 10 skrefa samkomulag KÍ og menntamálaráðherra.

Umræður.

6. Skýrslur sjóða

a) Vinnudeilusjóður
Guðni Óskarsson formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ kynnti ársskýrslu og rekstrarreikning sjóðsins. Rekstrartekjur (félagssgjöld) námu kr. 117.208.272 rekstrargjöld námu kr. 10.494.593. Hagnaður ársins nam kr. 173.661.124. Eignir Vinnudeilusjóðs námu rúmum 700 milljónum króna í árslok 2006. Áætlað er að eignir sjóðsins komist í einn milljarð á árinu 2008.

b) Vísindasjóður FF of FS
Sigríður J. Hannesdóttir formaður flutti skýrslu Vísindsjóðs FF og FS og rakti helstu breytingar sem orðið hafa á reglum um greiðslur úr sjóðnum.

c) Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ og Vísindasjóður FL
Skýrslur um starfsemi beggja sjóðanna lágu frammi á fundinum. Þar er gerð grein fyrir reglum þeirra og úthlutun styrkja á síðasta ári.

d) Sjúkrasjóður KÍ
Svava Pétursdóttir formaður stjórnar Sjúkrasjóðs gerði grein fyrir starfsemi sjóðsins á liðnu ári. Fram kom að fjöldi umsókna hefur stöðugt verið að aukast og voru um 3.700 árið 2006. Farið er að ganga á sjóðinn þar sem árlegar greiðslur úr honum nema hærri upphæð en árlegar tekjur. Alls voru tekjur sjóðsins um 113 milljónir árið 2006 en greiddir styrkir um 145 milljónum króna.

e) Orlofssjóður KÍ
Hilmar Ingólfsson formaður stjórnar Orlofssjóðs KÍ og Valgeir Gestsson varaformaður hennar gerðu grein fyrir skýrslu sjóðsins og rekstrarreikningi hans. Tekjur hans numu rösklega. 153,8 milljónum króna en rekstrargjöld voru um 98.5 milljónir. Hagnaður ársins þegar vaxtagjöld og verðbætur hafa verið reiknaðar var rösklega 16 milljónir. Alls nema eignir Orlofssjóðs 370 milljónum króna en skuldir 193 milljónum króna.

7. Vinnuumhverfismál

Aðalheiður Steingrímsdóttir fulltrúi í Vinnuumhverfisnefnd KÍ gerði grein fyrir skýrslu um starfsemi nefndarinnar. Nefndin stóð haustið 2006 fyrir sérstakri fræðslu fyrir trúnaðarmenn um vinnuumhverfismál, m.a. um álag í starfi, samskipti á vinnustað, einelti o.fl. með skipulögðum námskeiðum í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins. Einnig skipulagði nefndin þemaviku í skólum um vinnuumhverfismál í febrúar sl. Af því tilefni sendi sendi nefndin veggspjöld með lykilspurningum um lífið í vinnunni út í skólana. Vinnumhverfisnefnd er nú að vinna drög að stefnumörkun og aðgerðaáætlun í vinnuumhverfismálum fyrir næsta þing KÍ. AS sagði mikilvægt að félögin legðu fram sameiginlegar kröfur um vinnuumhverfismál í næstu kjarasamningum.

Umræður.

8. Önnur mál

Elna K. Jónsdóttir fylgdi úr hlaði svohljóðandi samþykkt um nýja menntastefnu og 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra:

„Ársfundur Kennarasambands Íslands, haldinn á Hótel Sögu 27. apríl 2007, lýsir ánægju sinni með tillögur þeirra starfshópa samkvæmt tíu skrefa samkomulagi KÍ og menntamálaráðherra sem þegar liggja fyrir. Fundurinn telur jafnframt að bréf menntamálaráðherra til KÍ frá 25. apríl sl. sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem eftir er.

Ársfundurinn þakkar fulltrúum Kennarasambands Íslands og öðrum fulltrúum í starfshópunum fyrir mikið starf og telur tillögurnar í heild efni í góða menntastefnu um enn betri skóla og aukið jafnrétti til náms. Um þetta vitna margar tillögur svo sem um að auka og festa í lög rétt, möguleika og aðstöðu nemenda til náms, um gjaldfrjálsan skóla til 18 ára aldurs og um aukna ábyrgð stjórnvalda á að bjóða nemendum fjölbreytilegt nám og námslok við hæfi. Ársfundurinn leggur áherslu á að stjórnvöld taki fyrirliggjandi tillögur um endurskoðun náms og skólastarfs til efnislegrar meðferðar og taki afstöðu til framkvæmdar þeirra og fjármögnunar.

Fundurinn veitir fulltrúum KÍ í þeim nefndum sem ekki hafa lokið störfum fullt umboð til áframhaldandi vinnu að málinu samkvæmt þeirri stefnu sem sambandið hefur markað. Ársfundurinn fagnar áherslum í framkomnum tillögum um fjölbreytt og jafngilt nám, breytilegan námstíma og lokapróf allt eftir inntaki námsins og viðtökumiðun þess og áréttar að Kennarasamband Íslands varar sem fyrr við öllum hugmyndum um skerðingu á námi.

Fundurinn væntir þess að heildarniðurstaða náist á næstu mánuðum þannig að nemendur, kennarar og samfélagið allt geti vel við unað.

Að loknum umræðum var ályktunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ársfundi KÍ slitið kl. 12:00.

Helgi E. Helgason